

7. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 2.sept. 2010 í félagsheimilinu Þórsveri. Fundur hófst kl. 17:00

Mætt voru: Ævar Marinósson varaoddviti, Indriði Þóroddsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri og Jóhanna Helgadóttir, sem ritaði fundargerð á tölvu.

Varaoddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Varaoddviti óskaði eftir að fá að setja tvær fundargerðir á dagskrá, þ.e. fundargerð Nausts dags 31. ágúst sem lið nr. 8 og fundargerð ÍTN dags 1. sept. sem lið nr. 9, aðrir liðir færast þá neðar á dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

1. **Fundargerð sveitarstjórnar dags. 19.08.2010**
Lögð fram til kynningar.
2. **Fundargerð sveitarstjórnar (aukafundur) dags. 23.08.2010**
Sveitarstjóri fór yfir að aukafundurinn hafi verið ákveðinn af öllum sveitarstjórnarmönnum þann 19.08.2010 og hafi hann því ekki verið auglýstur.
Lögð fram til kynningar.
3. **Fundargerð atvinnu-menningar -og ferðamálanefndar dags. 23.08.2010**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. **Fundargerð húsnæðisnefndar dags. 23.08.2010**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
5. **Fundargerð landbúnaðarnefndar dags. 18.08.2010**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
6. **Fundargerð landbúnaðarnefndar dags. 23.08.2010**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
7. **Fundargerð USB dags. 20.08.2010**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
8. **Fundargerð Nausts dags. 31.08.2010**
Lögð fram til kynningar.
9. **Fundargerð ÍTN dags. 01.09.2010**
Liður 4 í fundargerðinni
Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að skoða málið.
Í lið 6 er rætt um áframhaldandi starf íprótta- og æskulýðsfulltrúa.
Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að gera lárs ráðningarsamning.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

*Joh. H.
Sveitarstjóri*

10. Skýrsla sveitarstjóra.

- I. Sveitarstjóri benti á að þegar hann var ráðinn sveitarstjóri 14. júlí sl. fórst fyrir að bóka laun sveitarstjóra og vill hann því láta það koma fram í skýrslu sveitarstjórnar nú hver launin eru. Föst laun eru kr. 670.000,- á mánuði, fastur bifreiðastyrkur er kr. 40.000,- á mánuði. Sveitarstjóri greiðir 3,5% af fasteignamati á Lækjarvegi 3, í húsaleigu pr. mán. Langanesbyggð greiðir af farsíma, heimasíma og nettengingu sveitarstjóra.
- II. Sveitarstjóri sagði frá fundum sem hann átti í Reykjavík í síðustu viku ásamt Þorsteini Steinssyni, sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps og Halldóri Jóhannssyni frá Teikn á lofti ehf. Ástæða fundanna var uppbygging í Gunnólfsvík í Finnafirði. Áttum þeir fundi í Iðnaðarráðuneytinu, Utanríkisráðuneytinu, Fjármálaráðuneytinu, með kínverska sendiherranum og forseta Íslands. Allir þessir fundir voru góðir og uppbyggilegir og mjög jákvætt viðhorf til verkefnisins.
- III. Aðalskipulag Langanesbyggðar verður auglýst í næstu viku.
- IV. Í febrúar s.l. var sótt um framlög úr styrkvegasjóði, kr. 1.500.000.- í eyðibýlavegi, kr. 2.000.000.- í fjallvegi og kr. 6.000.000.- í veginn út á Langanes, alls kr. 9.500.000.-. Þann 18. ágúst kom svar frá Vegagerðinni þar sem sveitarfélaginu eru úthlutaðar 3.000.000.-kr. úr styrkvegasjóði.

11. Umsókn um styrk.

Í bréfi frá Evu Guðrúnu Gunnarsdóttir frá Raufarhöfn og Nönnu Steinu Höskuldsdóttir frá Þórshöfn er óskað eftir styrk vegna konukvölda sem þær ætla að halda á Raufarhöfn og Þórshöfn í lok september.

Samþykkt að skoða erindið nánar og afgreiða á næsta fundi sveitarstjórnar.

12. Tilnefning í stjórn Fræs ehf.

Sveitarstjóri bar fram tillögu um tilnefningu í stjórn Fræs ehf., en samkvæmt samþykktum félagsins skal stjórn þess skipuð fimm aðalmönnum og allt að þremur varamönnum og er tilnefningin til eins árs í senn.

Aðalmenn: Reimar Sigurjónsson, Siggeir Stefánsson, Jóhanna Helgadóttir, Ævar Rafn Marinósson og Indriði Þóroddsson.


Varamenn: Nanna Steina Höskuldsdóttir, Steinunn Leósdóttir og Björn Guðmundur Björnsson.

Samþykkt samhljóða.

13. Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga dags. 27.08.2010

Skv. þeirri rekstraráætlun sem sett var upp árið 2007 þegar GEBRIS verkefnið hófst var gert ráð fyrir að fjárframlög sveitarfélaganna væru út ágúst 2010. Hér með er þess farið á leit við sveitarfélögin þrjú sem að verkefninu hafa staðið – Norðurþing, Langanesbyggð og Svalbarðshrepp – að framlengja framlögin tímabundið út árið. Megin ástæða þessarar óskar er sú að fylgja betur eftir því mikilvæga starfi og árangri sem starfið hefur skilað. Sérstaklega er þar um að ræða ákveðin verkefni nýstofnaðs félags ferðaþjónustuaðila á svæðinu – Norðurhjára. Framlenging á starfinu til áramóta fellur einnig vel að því tímaplani sem m.a. var rætt á aðalfundi félagsins í vor, varðandi stefnumótun og endurskipulag á starfsemi félagsins í ljósi erfiðrar rekstrarstöðu þess og efnahags.

Verði framlögin framlengd út árið þýðir það eina greiðslu til viðbótar, Norðurþing kr. 154.771.-, Langanesbyggð kr. 213.477.-, og Svalbarðshreppur kr. 43.517.- Nanna Steina kynnti verkefnið og vék síðan af fundi við atkvæðagreiðslu.



Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóð.
Fund slitið kl. 19:00.

Jóhanna Helgadóttir
Eva Rón Mætur

Príma Sig

Nanna Steindóttir

Sturmun Lidsdóttir
- Eudís Þórodd -

Jónína Þórunn